

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstjórn ríkisins mælir með staðfestingu á breytingum á staðfestu aðalskipulagi.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. apríl 1997.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003, nágrenni skólalóðar.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Grindavíkur hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 5. mars 1997 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003 frá 15. nóvember 1984 með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar eru:

1. Hluti skólalóðar grunnskólans breytist í íbúðarsvæði.
2. Gatan Arnarhraun lengist til vesturs.
3. Hraunbraut endar til suðurs við skólalóð, þar sem gert er ráð fyrir bílastæðum fyrir grunnskólann.
4. Fyrri tenging Hraunbrautar og Ásabrautar leggst af.

Bæjarstjórn Grindavíkur hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfissráðuneytinu, 8. apríl 1997.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 27, 27. janúar 1997, um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg.

1. gr.

Aftan við 1. mgr. 7. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Hvern mánudag skal tilkynna Fiskistofu um heildarafla síðustu viku, þ.e. frá upphafi síðasta mánudags til loka síðasta sunnudags, og hvort eða hve mikill hluti hans er fenginn innan landhelgi Íslands.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum frá 17. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 15. apríl 1997.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðora í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu nr. 68/1996.**

## 1. gr.

11. gr. verði svohljóðandi:

Fyrir meðferð á glasafrjógungardeild Landspítalans skal greiða sem hér segir:

1.	Par sem ekki á barn saman:	<i>Glasafrjógungun (IVF)</i>	<i>Smásjárfrjógungun(ICSI)</i>
a)	fyrsta meðferð	kr. 115.000	kr. 138.000
b)	önnur til fjórða meðferð	" 65.000	" 78.000
c)	fimmta meðferð eða fleiri	" 215.000	" 258.000
2.	Par sem á eitt barn saman:		
a)	fyrsta til fjórða meðferð	" 170.000	" 204.000
b)	fimmta meðferð eða fleiri	" 215.000	" 258.000
3.	Par sem á fleiri börn saman:	" 215.000	" 258.000

Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, heimsókna til sérfræðinga á glasafrjógungardeildinni og lyfja, annarra en örvunarlyfja eggjastokka, en um greiðslu þeirra fer samkvæmt reglugerð um greiðslur almannatrygginga í lyfja-kostnaði.

Greiðslur skulu skiptast þannig að í upphafi hverrar meðferðar skal greitt 20% af heildargjaldi. Eftirstöðvar gjalds skal greiða þegar ákveðið hefur verið að framkvæma eggheimtu.

- Uppsetning frystra fósturvísa kr. 35.000.
- Geymsla frystra fósturvísa kr. 9.000 fyrir hvert byrjað geymsluár. Frysting fósturvísa er að öðru leyti innifalin í meðferðargjaldi.
- Tæknisæðing, aðeins ef uppsetning er framkvæmd, kr. 18.000. Fyrir aðrar rannsóknir á glasafrjógungardeild sem ekki tengjast glasafrjógungarmeðferð skal greiða eins og um göngudeildarheimsóknir og rannsóknir sé að ræða.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 9. apríl 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*